Námsgrein: Myndmennt/Sjónlistir 4. bekkur

Kennari: Helga Dagný Einarsdóttir

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir og skipulag: Sýnikennsla, stuttir fyrirlestrar og verklegar æfingar

Námsmat: Símat, leiðsögn og virk endurgjöf í gegnum allt ferli. Við námsmat er einnig litið til umgengni, vinnulags og hvort fyrirmælum sé fylgt.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur efla sjónrænt læsi með því að skoða greina og túlka myndir, tákn og liti.
Sjálfbærni	Nemendur vinna með efni og hugmyndir sem stuðla að ábyrgri umgengni við náttúru og samfélag. Meðvitund um skynsamlega notkun efnaviðar og góða umgengni áhalda.
Heilbrigði og velferð	Nemendur fá tækifæri til að efla andlega vellíðan og sjálfsþekkingu í gegnum skapandi tjáningu í umhverfi þar sem lögð er áhersla á jákvæð samskipti, rétta líkamsbeitingu og hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	Virðing fyrir fjölbreytileika, ólíkum tjáningarformum og skoðunum er höfð að leiðarljósi.
Jafnrétti	Kennslan tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni nemenda og stuðlar að inngildandi námsumhverfi.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, prófa mismunandi aðferðir og efni og skapa á persónulegan hátt. Sköpun, frumleiki og sjálfstæð vinnubrögð eru í forgrunni í allri kennslu þar sem mistök eru tækifæri til að lærdóms.

*Heimsmarkmiðin / Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:*Áhersla er lögð á sköpun, sjálfbærni, fjölbreytileika, jafnrétti, mannréttindi og tjáningu. Nemendur fá tækifæri til að tjá eigin hugmyndir, skoðanir og upplifanir í gegnum myndlist og skapandi vinnu, virða ólík sjónarhorn og vinna með ábyrgri og meðvitaðri notkun efna. Áhersla er lögð á að allir nemendur fái að taka þátt, njóti sín á eigin forsendum og upplifi að hugmyndir þeirra og sjónarmið skipti máli. Unnið er meðal annars með Heimsmarkmið 4, 5, 10, 11, 12 og 13 og 2., 12., 13. og 29. grein Barnasáttmálans, eftir eðli og áherslum hvers verkefnis.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Markmið
Verkefna mappa-Zentangle stafur	A3 pappír, pennar, reglustika	• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni, • þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni	• Að þekkja og nýta sér fjölbreytt áhöld við teikningu • Að þekkja frumþætti sjónlista, svo sem línu, form og myndflöt • Að þekkja lögmálmyndlistar svo sem mynstur og andstæður.
Listasaga: Jóhannes Kjarval-Íslandslag. Myndlæsi	Bókin Sjónaraf-þjálfun í myndlæsi,	• greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því, • getur þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra listamanna, lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og þær aðferðir sem beitt var við sköpun verksins.	• Að rýna í listaverk í samvinnu við aðra • Að sýna virka hlustun • Að rökstyðja á einfaldan hátt svör sín • Að geta gert grein fyrir listaverkum sem nemandi hefur fengið fræðslu um
Listasaga: Sigurjón Ólafsson-Farfuglar	Útilistaverk á Húsavík, skæri, pappír.	• greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því, • þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni • greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka • þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra listamanna, lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og þær aðferðir sem beitt var við sköpun verksins	• Að skoða listaverk og taka eftir einföldum sjónrænum þáttum og táknum í því • Að þekkja hugtökin jákvætt og neikvætt rými í myndlist

			• Að átta sig á því að listaverk eru gerð með fjölbreyttum aðferðum • Að þekkja listaverk í nærumhverfi sínu
Listasaga: Leonardo Da Vinci – Þín eigin Mona Lisa	Bók: Listasaga- frá Hellalist til 1900	• Getur fjallað um eigin verk og annarra • greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því • unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi.	• Að nefna það sem nemanda þykir áhugavert við verk annarra og útskýra afhverju • Að skoða listaverk og taka eftir einföldum sjónrænum þáttum • Að vinna einfalda teikningu út frá kveikju
Litafræði: Litahringur	Litahringur til útfyllingar, þekjumálning, penslar, blöndunarbakki	• nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar,	• Að þekkja grunnlitina og litablöndun 2. Og 3. stigs liti • Að raða litum rétt í litahringinn
Landslag, rými og dýpt.	Blöð, blýantar, skæri, ýmisr litir.	• nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar, • fjallað um eigin verk og annarra, • þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.	• Að þekkja einfalda myndbyggingu (nær og fjær) og uppbyggingu á rými í eigin sköpun • Að segja frá eigin verki

			• Að þekkja hugtökin bakgrunnur, miðrými og forgrunnur.
Lego þrykk: munstur	Lego kubbar og plötur, grafík máling, valsar og pappír eða annar efniviður til að þrykkja á	• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni, • skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar,	• Að átta sig á að allt í kringum okkur er skapað eða hannað í ólíkum tilgangi • Að þekkja og geta nýtt sér fjölbreytt áhöld og aðferðir í grafík þrykki • Að átta sig á listaverk eru gerð og hlutir hannaðir til þess að mæta þörfum og þjóna tilgangi
Leir: vegghengi/órói eigin hönnun	Pappír, blýantar, reglustikur og annað sem þarf, jarðleir, glerungur.	• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni • nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar, • útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki, • unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi.	• Að þekkja og nýta sér fjölbreytt áhöld og aðferðir við að leira • Að móta ýmis form og áferð í leir með plötuaðferð og skapalóni • Að lýsa hugmynd sinni með skissu og bætt við skýringum um útfærslu • Að vinna einfalt verk út frá kveikju

Val um verkefni t.d. perla, leira, lita myndir.		• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni	• Að ýta undir persónulega sköpun út frá áhugasviði